

ÁRSSKÝRSLA 2011



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Tilgangur.....	3
Hlutverk	3
Ársreikningur	3
Þróunar- og samstarfsverkefni	4
Leiðbeiningarrit vegna ferðamannastaða	4
Upplýsingalíkon mannvirkja.....	4
Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni	5
Verkefni á árinu 2011	6
Forsætisráðuneyti.....	6
Efnahags- og viðskiptaráðuneytið	8
Fjármálaráðuneytið.....	8
Iðnaðarráðuneytið	9
Innanríkisráðuneytið	9
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	10
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	13
Umhverfisaráðuneyti	13
Utanríkisráðuneytið	15
Velferðarráðuneytið	16
Alþingi.....	19
Formlegt samstarf	20
Erlent samstarf	22
Ráðstefnur og fundir	24
Rekstur og starfsfólk	25
Ársreikningur 2011	

Ársskýrsla 2011.

Útg.: Framkvæmdasýsla ríkisins. Desember 2012.

Vinnsla forsíðu: Stafræna hugmyndasmiðjan ehf.

Ljósmyndir frá starfsmönnum FSR og aðilum verkefnanna.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Ábyrgðarmaður: Óskar Valdimarsson

Inngangur

Framkvæmdasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og heyrir undir fjármálaráðuneytið. Forstjóri FSR, sem skipaður er af fjármálaráðherra til fimm ára í senn, veitir stofnuninni forstöðu og sér um að marka stefnu hennar í samráði við ráðuneytið. Hann situr í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir ásamt ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins og fulltrúa fjárlaganefndar Alþingis. Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er fjármögnuð með sértekjum sem skráðar eru sem umsjónar- og eftirlitskostnaður á þau verkefni sem unnið er við hverju sinni.

Tilgangur

Tilgangurinn með rekstri Framkvæmdasýslu ríkisins er að byggja upp á einum stað innan ríkisgeirans sérþekkingu á verklegum framkvæmdum, því mikilvægt er að ríkið sem verkkaupi búi yfir slíkri þekkingu. Þá er einnig gert ráð fyrir að Framkvæmdasýslan sé í fararbroddi hvað varðar samræmingu gagna og þróun á sviði verklegra framkvæmda, ásamt því að sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni á sínu sviði.

Hlutverk

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Stjórnendur FSR leggja áherslu á að jafnræðis og faglegra vinnubragða sé gætt við framkvæmdir á vegum ríkisins og að við undirbúning verka sé tekið mið af stöðlum, viðmiðunum og leiðbeiningum ríkisins um framkvæmda- og eignamál.

Ársreikningur

Ríkisendurskoðun hefur ákveðið að ekki fari fram formleg endurskoðun hennar á bókhaldi Framkvæmdasýslunnar fyrir árið 2011. Framsetning ársreiknings FSR verður því með breyttu sniði þetta árið.

Þróunar- og samstarfsverkefni

Leiðbeiningarrit vegna ferðamannastaða

Á Ferðamálaþingi sem haldið var á Ísafirði 5. - 6. október 2011 var meðal annars kynnt ritið: Góðir staðir - leiðbeiningarrit um uppbyggingu ferðamannastaða. Ritið er unnið í samstarfi Ferðamálastofu, Framkvæmdasýslu ríkisins og Hönnunarmiðstöðvar Íslands.



Forsíða ritsins Góðir staðir - leiðbeiningarrit um uppbyggingu ferðamannastaða.

Ritinu er ætlað að leiðbeina ferðapjónustuaðilum, forsvarsmönnum sveitarfélaga, félagasamtökum og öðrum framkvæmdaaðilum við skipulag og uppbyggingu áfangastaða ferðamanna. Áhersla er lögð á mikilvægi góðs undirbúnings og vandvirkni. Því er þannig ætlað að byggja brú á milli sveitarfélaga og ríkis annars vegar og hönnuða og framkvæmdaaðila hins vegar. Ritinu er einnig ætlað að vera hvatning til þeirra fjölmörgu aðila sem standa að uppbyggingu ferðamannastaða á Íslandi öllu að vanda til verka því enginn vafi leikur á að náttúran og landið okkar eiga það skilið.

Í inngangi að ritinu segir meðal annars: „Náttúruperlur landsins eru ómetanlegur hluti af þjóðararfleifð okkar. Við uppbyggingu ferðamannastaða þarf að hafa í huga að vandað verk samanstendur af þremur órjúfanlegum þáttum: Undirbúningi, hönnun og framkvæmd. Ávallt skal leggja áherslu á gæði, fagmennsku og vandvirkni og hafa skal í huga að ábyrg ferðapjónusta stuðlar að verndun menningar og náttúrulegs umhverfis. Að baki vel heppnaðrar framkvæmdar er vönduð hönnun og góður undirbúningur“.

Starfshóp við gerð ritsins skipuðu Borghildur Sölvey Sturludóttir, Halldóra Vífilsdóttir (FSR), Kristín Gunnarsdóttir og Sveinn Rúnar Traustason.

Upplýsingalíkön mannvirkja

Upplýsingalíkön mannvirkja (BIM, Building Information Modeling) er ný aðferðafræði sem er vel til þess fallin að bæta hönnun mannvirkja. FSR hefur verið í fararbroddi undanfarin ár í því að innleiða þessa aðferðafræði hérlendis. Tilgangurinn er að vinna gegn mistökum á hönnunar- og framkvæmdastigi og auka sparnað með bættem undirbúningi framkvæmda.

Vörður á þeirri leið, eftir stofnum samtakanna BIM Ísland, eru fjölmargir kynningarfundir fyrir þá sem vilja taka upp BIM, samráðsfundir með notendum svo sem um reynslu varðandi samskiptastaðla. Einnig hefur verið haldið úti vef til kynningar. Það hafa því nokkur skref verið tekin þótt notkun BIM sé ekki orðin almenna hönnunaraðferðin á íslenskum byggingarmarkaði.

Stærsta skrefið á árinu 2011 er sennilega niðurstaða um skilalýsingu til að samræma vinnubrögð og skilakröfur á markaðnum. Að undirbúningi þess vann vinnuhópur verkkaupa, hönnuða og framkvæmdaaðila. Skilalýsingar frá ýmsum löndum voru bornar skipulega saman og niðurstaðan var að nota finnsku skilalýsinguna frá Senaatti Properties. Skilalýsingin, sem er á ensku en með íslenskum inngangi, var birt á vef BIM Ísland í júlí 2011.

Hús íslenskra fræða, sem hefur verið í hönnun fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið á vegum FSR, er mikilvægt BIM leiðsöguverkefni. Þar hafa Hornsteinar arkitektar unnið arkitektahluta líkansins og Almenna verkfræðistofan gerði líkan af burðarþoli og lögnum.

Við hönnun Framhaldsskólans í Mosfellsbæ er einnig notað BIM líkan og þar eru AF arkitektar aðalhönnuðir og hönnun burðarþols og lagna er unnið í líkani af Almennu verkfræðistofunni. Skilakröfur í fyrrnefndum verkefnum hafa tekið mið af danska bips kerfinu og finnsku Senate Properties handbókinni.

Nýtt Háskólasjúkrahús er einnig unnið sem BIM verkefni. Hönnunarhópur SPITAL, sem samanstendur af nokkrum stofum, vinna með mismunandi forrit. Skilakröfuflysingin styðst við finnsku Senate Properties handbókina og norsku Statsbygg handbókina.


Í fleiri verkefnum á vegum FSR, svo sem við Hjúkrunarheimilið á Eskifirði í Fjarðabyggð, er beitt BIM aðferðafræðinni og þar eru það Studio Strik arkitektar ásamt VSO verkfræðistofu sem vinna BIM líkön mannvirkisins.

Annað framfaramál þar sem FSR hefur lagt talsvert að mörkum er varðandi vistvænar leiðir í framkvæmdum. Einnig þar eru nokkrar vörður að baki og fyrir liggja dæmi þar sem vistvæn stefna hefur komið til framkvæmda í verkefnum á vegum FSR.

Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni

Ritið Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni var gefið út í desember 2011. Að því stóðu Arkitektafélag Íslands, Félag sjálfstætt starfandi arkitekta, fjármálaráðuneytið og Framkvæmdasýsla ríkisins.

Samstarf ríkisins og Arkitektafélags Íslands um hönnunarsamkeppni hafa skilað góðum árangri og verið mikilvægur liður í þróun skipulags- og byggingarmála hérlandis.



Forsíða Leiðbeininga um hönnunarsamkeppni.

Á grundvelli hönnunarsamkeppna hafa á undanföllum árum risið ýmsar opinberar byggingar og mannvirki sem stuðlað hafa að almennum framgangi byggingarlistar.

Lengst af var unnið eftir samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands. Við gildistöku laga um opinber innkaup, nr. 94/2001 og síðar nr. 84/2007, var staðfest að hönnunarsamkeppni er hluti af opinberum innkaupum ríkisins á þjónustu. Leiðbeiningum um hönnunarsamkeppni, sem nú hafa verið gefnar út til viðmiðunar fyrir opinber verkefni, er ætlað að samrýmast lögum og reglum um opinber innkaup. Horft var til þarfa ríkisins sem kaupanda umræddrar þjónustu og til hagsmuna viðsemjanda ríkisins og leitast við að tryggja jafnræði aðila án þess að slaka á kröfum um faglega meðferð.

Leiðbeiningarnar eru ætlaðar þeim sem eiga hlut að máli í samkeppnisferlinu, hvort sem um er að ræða verkkaupa, fagfélög, fulltrúa í dómnefnd, þátttakendur eða keppendur. Þar er að finna lýsingu á samskiptareglum sem hafa verður í huga við samkeppnishald á vegum ríkisins og til að skýra hlutverkaskipti og ábyrgð þeirra fjölmörgu aðila sem að slíkum keppnum koma.

Verkefni á árinu 2011

Hér verða rakin helstu verkefni á vegum FSR fyrir hvert ráðuneyti sem voru í framkvæmd á árinu og eftir atvikum nefnd verkefni í undirbúningi.

Um áramótin 2010 - 2011 tók til starfa nýtt ráðuneyti, innanríkisráðuneytið, með sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Einnig tók formlega til starfa velferðarráðuneytið þar sem sameinuð voru heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Forsætisráðuneyti

Breytingar á húsnæði Stjórnarráðsins

Í upphafi árs lágu fyrir niðurstöður um fyrirhugaðan tilflutning ráðuneyta vegna sameiningar ráðuneyta. Gerðar yrðu nauðsynlegar breytingar, endurbætur og flutningur í húsnæði og flytja þurfti um 300 starfsmenn í annað húsnæði á fjórum mánuðum. Framkvæmdir hófust í janúar og þeim lauk í desember 2011. Náðu þær til alls 2.350 m² húsnæðis.

Verkkaupi var forsætisráðuneytið. Á framkvæmdastigi bættust við verkefni þar sem ráðuneyti og stofnanir voru verkkaupar.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með verkefninu fyrir hönd verkkaupa.

Við hönnunina voru ráðgjafar Teiknistofan Arkiteo, VSI öryggishönnun og ráðgjöf ehf., Verkfræðistofan Víðsjá ehf., Verkfræðistofan Ferill ehf., Verkhönnun ehf., Almenna verkfræðistofan ehf., EFLA hf. og VSÓ Ráðgjöf ehf.



Velferðarráðuneytið sameinað í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu.

Verkframkvæmdirnar voru boðnar út eða gerðar verðkannanir vegna þeirra ásamt búnaðarkaupum og flutningum. Notað var rammasamningakerfi Ríkiskaupa og viðhöfð lokuð útboð meðal aðila, þ.e. örútbóð.



Í Hafnarhúsinu.

Framkvæmdirnar voru unnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17, Sölvhólsgötu 7, Skuggasundi 3 og Vegmúla 3.

Tryggvagata 17 (Hafnarhúsið)

Á 2. hæð voru gerðar nokkrar breytingar á herbergjaskipan og móttöku breytt í skrifstofur. Á 3. hæð var breytt herbergjaskipan, að hluta var opnum rýmum breytt í skrifstofur, og að hluta breytt þar sem gerðar voru nýjar skrifstofur, bókasafn og skjalasafn. Á 4. hæð voru gerðar miklar breytingar á suðvestur- og á suðurhlutanum svo og endurbætur og breytingar vegna eldvarna. Almenn var húsnæðið málað og loft og gólfefni víða endurnýjuð.

Talsverðar breytingar voru gerðar á raf- og smáspennukerfum í húsinu og á tölvu- og símtengingum vegna sameiningar húsnæðisins fyrir eitt ráðuneyti og á bruna-, aðgangs-, og öryggiskerfum. Framkvæmdum í Hafnarhúsinu lauk að mestu í maí 2011.

Sölvhólsgrata 7

Á Sölvhólsgrötu 7 á 1. hæð fór fram gagngerð endurhönnun og breytingar á skrifstofuhlutanum í norðurhluta hæðarinnar. Gerð voru ný fundaherbergi, sett upp kaffi- aðstaða fyrir starfsfólk og snyrting, afgreiðslu og móttöku breytt og búið til nýtt viðtalsherbergi. Á 1. hæð og á hluta 2., 3. og 4. hæðar voru gerðar breytingar á herbergjaskipan, kerfisloft og gólfefni voru endurnýjuð og fleira.



Innanríkisráðuneytið, Sölvhólsgrötu 7.

Húsnæðið var allt málað. Töluverð endurnýjun og breytingar urðu á loftræsti-, raf- og smáspennukerfum. Framkvæmdum við Sölvhólsgrötu 7 lauk í júní 2011 (lokaúttekt) utan verka sem verkkaupi bætti við.

Skuggasund 3

Á 1. hæð voru gerðar breytingar á anddyri, móttöku, afgreiðslu, fundaherbergjum og skjalasafni. Á þessum hluta hæðarinnar voru gerðar talsverðar breytingar á öryggis-, aðgangs- og brunakerfi. Húsnæðið allt málað, nema kjallari. Framkvæmdum við Skuggasund 3 lauk í maí 2011.



Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Skuggasund 3.



Fundaherbergi Skuggasundi 3.

Vegmúli 3

Í kjallara var komið fyrir skjalageymslu ásamt aðstöðu fyrir skjalavörð. Á 1. hæð var breytt herbergjum í vesturhluta, þ.e. móttöku breytt í skrifstofu og skrifstofur í þessum húshluta stækkaðar. Húsið var málað að innan, parket á 1. hæð slípað og lakkað. Framkvæmdum við Vegmúla 3 lauk í nóvember 2011 (verklokaúttekt).



Fjársýsla ríkisins, Vegmúla 3.

Tengdar framkvæmdir

Auk framkvæmda á vegum forsætisráðuneytisins fór fram í húsinu að Sölvhólsgrötu 7 smíði á nýjum stiga frá 2. á 4. hæð, sjá innanríkisráðuneyti.

Stofnanir, sem í tengslum við flutning ráðuneytanna var fundinn nýr staður, voru Vinnuálastofnun sem ákveðið var að flyttist í Kringluna 1, sjá velferðarráðuneytið, og Fjársýsla ríkisins sem flyttist í Vegmúla 3, sjá fjármálaráðuneytið.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið

Fyrir efnahags- og viðskiptaráðuneytið og stofnanir þess var unnið að eftirfarandi verkefni:

Fjármálaeftirlitið, leiguhúsnæði

Unnið var áfram að húsnæðisöflun vegna Fjármálaeftirlitsins en í fyrri skipti hafði ekki tekist að finna hentugt húsnæði fyrir stofnunina. Auglýst var því að nýju eftir húsnæði fyrir stofnunina í janúar 2011. Gerður var leigusamningur við Höfðatorg ehf. um leigu á hluta af turnbyggingunni við Höfðatún 2. Hann gildir til 15 ára með möguleika á framleiðu um allt að 2 ár í senn að leigutíma loknum. Húsnæðið var rúmlega fokhelt í apríl 2011 og annaðist Eykt ehf. framkvæmdir fyrir leigusala. Fjármálaeftirlitið tók við húsnæðinu 16. september 2011.



Skrifstofa í Fjármálaeftirlitinu, Höfðatúni 2.



Höfðaborg, Höfðatúni 2.

Fjármálaráðuneytið

Helstu verkefni á árinu 2011 vegna fjármálaráðuneytisins og stofnana þess, við umsjón og ráðgjöf, voru eftirfarandi.

Hafnarstræti 107, Akureyri, endurbætur

Fyrir Fasteignir ríkissjóðs kom FSR að undirbúningi útboðs og tók að sér eftirlit

með endurbótum á Hafnarstræti 107, Akureyri. Útboð framkvæmdanna fór fram í desember 2011. Verkið felst í breytingum og gagngerum endurbótum á kjallara, 1., 2. og 3. hæð, á samtals um 1.500 fermetrum húsnæðis.

Vínbúðin Akureyri, viðbygging

Fyrir ÁTVR (Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins) vann FSR að undirbúningi vegna viðbyggingar við hús ÁTVR að Hólabraut 16 á Akureyri. Framhaldi verkefnisins var frestað.

Fjársýsla ríkisins, leiguhúsnæði

Unnið var að húsnæðisöflun vegna Fjársýslu ríkisins í framhaldi af tilflutningi vegna sameiningar ráðuneyta sem FSR hafði umsjón með fyrir forsætisráðuneytið. Fjársýslan var staðsett á 2. og 3. hæð Sölvhólgötu 7, og fluttist í leiguhúsnæði að Vegmúla 3. Flutti Fjársýslan í allt húsið í Vegmúla 3 þar sem heilbrigðisráðuneytið var áður til húsa og var flutningi lokið í apríl 2011.

Önnur leiguverkefni

Leiguverkefnum fyrir önnur ráðuneyti og stofnanir þeirra er lýst í köflum viðkomandi ráðuneyta en þau vinnur FSR einnig í samstarfi við fjármálaráðuneytið.

Skilamöt

Útgefin skilamöt og skilagreinar á árinu 2011 vegna fjármálaráðuneytis og stofnana þess voru eftirfarandi:

- Grensásvegur 9, endurbætur 1. hæðar, skilamat útgefið í janúar 2011.
- ÁTVR, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, vöruhús og tengibygging, skilamat útgefið í ágúst 2011.
- Skattstofa Austurlands, leiguhúsnæði, skilagrein útgefin í ágúst 2011.
- Bankasýsla ríkisins, leiguhúsnæði, skilagrein útgefin í ágúst 2011.
- Tollstjórnin í Reykjavík, starfsstöð í Hafnarfirði, leiguhúsnæði, skilagrein útgefin í apríl 2011.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, lóðarfrágangur (Fasteignir ríkissjóðs), skilagrein útgefin í apríl 2011.

Iðnaðarráðuneytið

Á árinu 2011 var verkefni sem unnið hafði verið að fyrir iðnaðarráðuneytið og stofnanir þess, það er Nýsköpunarmiðstöð Íslands, leiguhúsnæði, í biðstöðu.

Innanríkisráðuneytið

Fyrir innanríkisráðuneytið og stofnanir þess var einkum unnið að eftirfarandi verkefnum.

Innanríkisráðuneytið, stigi 2. - 4. hæð

Fyrir innanríkisráðuneytið hafði FSR umsjón með framkvæmdum í húsnæði ráðuneytisins að Sölvhólsögötu 7 vegna stiga sem nær frá 2. á 4. hæð. Stiginn var hannaður af Arkiteo arkitektum og að verkfræðihönnun komu Ferill, Verkhönnun hf. og VSI öryggishönnun og ráðgjöf. Órútböð fór fram og var lokið að mestu við framkvæmdirnar á árinu 2011.

Endurbætur á raflögnum í byggingum á Keflavíkurflugvelli


Fyrir Landhelgisgæslu Íslands hafði FSR umsjón með breytingum og endurbótum á rafkerfum í byggingum innan öryggisvæðis Keflavíkurflugvallar til að uppfylla íslenska og samevrópska staðla í stað bandarískra staðla sem áður giltu um raflagnir þessara bygginga. Byggingarnar eru staðsettar skammt suður af flugstöðinni. Fjármögnun er af Landhelgisgæslunni sem ráðstafar til verkefnisins fé úr sjóði NATO sem ætlaður er til loftvarnarkerfisins hér á landi.

Verkkaupi ákvað að bjóða framkvæmdirnar út í áföngum og fékk til verksins Rafmiðstöðina sf. sem hannar hvern áfanga verkefnisins til útboðs.

Var 1. áfangi auglýstur til útboðs í september 2011, 2. áfangi síðar í þeim mánuði og 3. áfangi í nóvember 2011. Verktaki í fyrrnefndum áföngum er ÍAV þjónusta ehf. Framhald verður á útboðum verkefnisins á árinu 2012.

Fangelsi á Hólmsheiði

Lengi hefur verið stefnt að því að byggja gæsluvarðhaldsfangelsi á Hólmsheiði. Unnið var hjá FSR að frumathugun árið 2002 og gerð alútbóðsgagna árið 2004.



Fangelsi Hólmsheiði, deiliskipulag lóðar.

Innanríkisráðuneytið ákvað haustið 2011 að efnt yrði til hönnunarsamkeppni um nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Var skipuð dómnefnd og FSR falið að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd samkeppninnar. Hafin var vinna við gerð samkeppnislýsingar.

Fangelsið á Hólmsheiði verður nýtt gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi. Þar verður deild fyrir kvenfanga og aðstaða fyrir afplánun skemmri fangelsisrefsinga, alls 56 fangarými. Nýja fangelsið á að leysa af hólmi Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og Fangelsið í Kópavogi. Stefnt er að því að tryggja föngum örugga og vel skipulagða afplánun þar sem mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín.

Stefnt er að því að auglýsa hönnunarsamkeppnina í byrjun ársins 2012.

Vegagerðin, húsnæðisöflun

Öflun leiguhúsnæðis fyrir Vegagerðina er verkefni sem hefur síðan 2008 verið í biðstöðu.

Skilamöt

Útgefin skilamöt og skilagreinar á árinu 2011 vegna innanríkisráðuneytisins og stofnana þess voru eftirfarandi:


- Sérstakur saksóknari, leiguhúsnæði, skilagrein útgefin í apríl 2011.
- Sýslumaðurinn á Eskifirði, viðbygging og endurbætur, skilamat útgefið í nóvember 2011.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Helstu verkefni ársins 2011 fyrir menntamálaráðuneytið og stofnanir þess voru eftirfarandi.

Háskólinn á Akureyri, 5. áfangi

Í undirbúningi hefur verið 5. áfangi, sem er í skipulagi Háskólans á Akureyri bygging O, skrifstofu- og þjónustubygging. Gláma/Kím arkitektar hafa unnið aðaltekningar áfangans og á næsta ári er gert ráð fyrir að ljúka fullnaðarhönnun og bjóða út verkfræmdina.



Háskólinn á Akureyri, staðsetning 5. áfanga.

Kvennaskólinn í Reykjavík, endurbætur Miðbæjarskólans

Vegna Kvennaskólans í Reykjavík, við Fríkirkjuveg 9, var gerð frumathugun sem sýndi að nýta mætti húsnæði gamla Miðbæjarskólans við Fríkirkjuveg 1 í Reykjavík til að auka kennslurými skólans. Keypti Ríkissjóður 60% hlut í byggingunni haustið 2010. Breytingar sem gera þurfti var ákveðið að yrðu fjármagnaðar af verkkaupum, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg.

P ARK teiknistofa var fengin til að hanna breytingarnar ásamt verkfræðistofunni Verkís, sem annast burðarþol og lagahönnun, svo og Mannviti sem sér um raflagnahönnun.

Miðbæjarskólinn er tveggja hæða timburbygging á steinhlöðnum kjallara, byggður sem barnaskóli árið 1898. Vegna friðunar hússins að innan er breytingum takmörk sett en í samráði við Húsafriðunarnefnd var leitast við að uppfylla það sem nauðsynlegt er fyrir skólalæsi, svo sem það sem varðar brunakröfur, loftræsi og heimilað var að taka niður miðhluta veggja á nokkrum stöðum til að stækka á 2. hæð kennslustofur. Breytingar til upprunalegs horfs voru m.a. í leikfimisal.

Á fyrri hluta árs 2011 var unnin fullnaðarhönnun og fram fóru útböð einstakra verkþátta með svonefndum örútböðum. Ríkiskaup önnuðust útböðin og sendu aðilum upplýsingar um þau. Meðal verktaka voru Viðmið ehf. sem önnuðust trésmíði og SOS Lagnir sem annaðist pípulagnir og vatnsúðunarkerfi.

Eins og að var stefnt tókst að ljúka framkvæmdunum þannig að hefja mátti kennslu í byggingunni 22. ágúst 2011. Fyrirlestursalurinn var tekinn í notkun síðar um haustið.



Miðbæjarskólinn, hús Kvennaskólans.



Kennslustofa.



Íþróttasalurinn.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla, viðbygging

Framkvæmdir við Fjölbrautaskólann í Ármúla hafa verið unnar í lotum frá árinu 2008 og hefur verið byggður fjölnotasalur, þ.e. matsalur og fyrirlestrarsalur ásamt eldhúsi og kjallara svo og stjórnunaráлма.

Kennsluálma, sem áður var uppsteypt, var innréttuð á árinu 2011 og tekin í notkun á haustönn. Framundan er að ganga frá lóð við nýju viðbyggingarnar.



Kennsluálma Fjölbrautaskólans í Ármúla.



Kennslustofa.

Þjóðskjalasafn Íslands, endurbætur

Í Þjóðskjalasafni Íslands við Laugaveg 162 var áfram unnið að endurbótum í húsi 4. Í þessari lotu var kjallari endurbættur að mestu og lokið við endurnýjun dren- og frárennslislagna í kjallara og við húsið.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Unnið var áfram að hönnun á grundvelli vinningstillögu í hönnunarsamkeppni um byggingu Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. AF arkitektar ehf. lögðu fram aðalteikningar fyrir 1. áfangann í febrúar 2011.

Arkitektarnir sömdu við aðra hönnuði og annast Almenna verkfræðistofan hf. burðarþol og lagnir, Efla ehf. hljóðhönnun, VJI ehf. sér um rafhönnun utan þess að Drekafluga er lýsingarhönnuður, VSI ehf. annast brunahönnun og MFF ehf. landslagshönnun. Hönnunin tekur mið af BREEAM umhverfisvottun og það er hannað er með aðferðafræði BIM mannvirkjalíkans.

Arkitektarnir Aðalheiður Atladóttir og Falk Krüger, sem notað hafa BIM mannvirkjalíkon, telja að þau hafi nýst vel, svo sem til árekstargreiningar vegna burðarhluta og lagna. Þrívíð framsetningin í BIM mannvirkjalíkani eykur að sjálfsögðu skilning notenda á rýminu.

Í árslok var fullnaðarhönnun til útboðs langt komin og er stefnt að útboði á Evrópska efnahagssvæðinu snemma árs í 2012.



Á hönnunartímanum var ákveðið að halda samkeppni um listskreytingu skólans. Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón með samkeppninni fyrir verkaupa. Haft var samráð við Listskreytingasjóð, skipuð dómnefnd og unnin samkeppnislýsing og fylgiskjöl.

Niðurstaða dómnefndar var lögð fram í júlí 2011. Vinningstillaga Bryndísar Bolladóttur myndlistarmanns, Frjór vegur til framtíðar, eru listskeytingar sem koma fram í endur-unnu gleri í gólfi og sem hálfkúlur úr þæfðri ull og mynda skemmtilegar andstæður og endurnýting efna kallast á við áherslu skólans á umhverfisstefnu.

Hús íslenskra fræða

Eins og á fyrra ári var hægt á hönnun við Hús íslenskra fræða þar sem frestun hefur orðið á framkvæmdum. Aðferðafræði hönnunarinnar hefur vakið athygli enda hafa hönnuðir lagt fram greinargerðir um reynslu sína af vistvænni hönnun samkvæmt BREEAM umhverfivottunarkerfi og notkun BIM upplýsingalíkana.

Hornsteinar arkitektar ehf., hafa lagt fram aðaluppdrætti ásamt greinargerð. Hönnunarlíkönin sem hafa verið lögð fram, þ.m.t. arkitektúr- og landslagshönnun, og líkön burðarþols og lagna, eru í rafrænum skráum á "rev"-formi og arkitektúrlíkön að auki á opnu IFC formi.

Tafir hafa orðið á verkefninu en þegar heimild til framkvæmda er í auglýsingu er gert ráð fyrir að ljúka mætti hönnun til útboðs á skömmum tíma.



Hús íslenskra fræða, BIM upplýsingalíkan.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, viðgerðir

FSR hafði fyrir Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, umsjón með fyrirhuguðum minniháttar endurbótum á þjóðarbókhöðunni. Um var að ræða lagfæringar á gluggakörnum og er stefnt er að því að bjóða þær út með örútbóði og framkvæma á árinu 2012.

Leiguverkefni

Auk umsjónar við fyrrgreind verkefni var unnið að ráðgjöf vegna eftirfarandi leiguverkefnis fyrir stofnun mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Íslenski dansflokkurinn, leiguhúsnæði

Fyrir Íslenska dansflokkinn hóf FSR í desember 2011 ráðgjöf vegna húsnæðisöflunar. Áfram verður unnið að því á árinu 2012.

Skilamöt

Útgefið skilamöt og skilagrein á árinu 2011 vegna mennta- og menningarmálaráðuneytis og stofnana þess voru eftirfarandi:

- Öryggisrannsóknarstofa Háskóla Íslands á Keldum, skilamat útgefið í júní 2011.
- Kvikmyndamiðstöð Íslands, leiguhúsnæði, skilagrein útgefin í mars 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

Verkefni vegna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og stofnana þess voru eftirfarandi.

Sjávarútvegshúsið Skúlagötu 4, endurbætur 1. hæðar og þaks

Á árinu 2011 var unnið áfram að undirbúningi framkvæmda vegna þess húsnæðis sem losnaði við flutning Matís ohf. úr Sjávarútvegshúsinu, Skúlagötu 4. Hafnarannsóknarstofnun fékk að mestu til afnota húsnæðið.

Niðurstaðan var að hanna breytingar á 1. hæð, á um 600 m², þar sem verði fundarsalir sem henti starfsemi stofnanna í húsinu, einnig mótuneyti, upplýsinga- og þekkingasetri og fleira. Aðalhönnuður breytinganna er Arkís arkitektar, sem valdir voru með forvali. Unnar voru aðaltekningar. Auk breytinga á innréttingum verður þak lágbyggingar, sem er steinsteypt þak með gluggum yfir 1. hæð, lagfært með nýjum gluggum og þakpappa.

Stefnt er að því að ljúka hönnun og auglýsa útboð framkvæmda á fyrri hluta ársins 2012.

Lækur í Flóahreppi

Fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið vann FSR á árinu 2011 að ráðgjöf vegna Læks í Flóa, þar sem íbúðarhús í ríkiseign hafði orðið fyrir miklum skemmdum. Var skoðað hvaða ráðstafandir kæmu til greina, hvort húsið yrði endurbætt eða rífið og byggt nýtt. Unnið verður áfram að ráðgjöfinni á árinu 2012.

Umhverfisráðuneyti

Helstu verkefni í tengslum við umhverfisráðuneytið og stofnanir þess á árinu 2011 voru snjóflóðavarnir og fleiri verkefni. Framkvæmdasýslan hefur umsjón með snjóflóðavörnunum fyrir verkkaupana, sem eru viðkomandi sveitarfélag og Ofanflóðasjóður.

Snjóflóðavarnir í Bíldudal

Framkvæmdum við Snjóflóðavarnir í Bíldudal, Vesturbyggð, lauk um það bil árið 2009. Uppgræðsla tekur að venju nokkur ár, hún hófst árið 2010 og er ekki lokið að fullu.

Snjóflóðavarnir í Bolungarvík

Framkvæmdir við útboðsverk þvergarða og keila í Bolungarvík hófust í júní 2008. Á árinu 2011 var unnið áfram við uppbyggingu garðs og keila. Samhliða því hefur verið unnið við yfirborðsvinnu og grasáningu. Eftir ákvörðun um viðbótarverk við svonefndan Austurgarð er miðað við að uppbyggingu hans ljúki í ágúst 2012 en áfram verður unnið við uppgræðslu á svæðinu.



Snjóflóðavarnir í Bolungarvík.

Verkkaupar eru Bolungarvíkurkaupstaður og Ofanflóðasjóður. Umsjón með framkvæmdunum hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Verktaki var Ósafll ehf.

Snjóflóðavarnir á Ólafsfirði

Á Ólafsfirði var framkvæmdum við uppbyggingu leiðgarðs lokið 2010 en unnið var áfram við uppgræðslu og gróðursetningu. Varnargarðurinn verður væntanlega vígður næsta sumar.

Snjóflóðavarnir í Neskaupstað, varnargarður og stoðvirki í Tröllagili

Á árinu 2011 var unnið áfram við snjóflóðavarnir í Tröllagili á Neskaupstað, annars vegar við uppsetningu stoðvirkja og hins vegar við varnargarða neðar í gilinu.

Notuð er þyrlla til að flytja stálgrindur upp í fjallið og var tekin lota í maí og aftur í september 2011. Áætlað er að ljúka uppsetningu stoðvirkja haustið 2012.

Framkvæmdir við varnargarða og keilur hófust vorið 2011 Um er að ræða 660 metra langan þvergarð, um 420 metra langan leiðigarð og 24 snjóflóðavarnarkeilur. Einnig felst í verkinu mótun og frágangur snjóflóðagarða, gerð vegslóða, göngustíga og fleira. Ráðgert er að ljúka framkvæmdunum árið 2014.

Verkkaupar eru Fjarðabyggð og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Frumhönnun annaðist Verkís ehf., Verkhönnun varnargarða vann Efla ehf. ásamt Landmótun sf. Verktaki við uppsetningu stoðvirkja er Köfunarþjónustan ehf. og við varnargarða og keilur Héraðsverk ehf.



Snjóflóðavarnir á Neskaupstað, stoðvirki.

Snjóflóðavarnir í Ísafjarðarbæ, þvergarður undir Kubba

Lokið var verkhönnun þvergarðs snjóflóðavarna undir Kubba í Ísfjarðarbæ og var verkið boðið út í febrúar 2011. Hafnar voru framkvæmdir í maí. Um er að ræða þvergarð sem verður um það bil 220 metra langur í toppinn.

Verkkaupar eru Ísafjarðarbær og Ofanflóðasjóður á vegum umhverfisráðuneytisins. Umsjón og eftirlit hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Frumathugun vann Verkís hf., matsáætlun Tækniþjónusta Vestfjarða ehf. Landslagsarkitekt var Landmótun ehf.

Verkhönnun annaðist Efla verkfræðistofa ehf. Verktaki er Geirnaglinn ehf.

Auk þess að reisa þvergarðinn felst verkið í landmótun og yfirborðsfrágangi svo sem gerð stíga og að annast plöntun, sáningu og áburðargjöf. Ráðgert er að verkinu ljúki að mestu í september 2012.



Jarðvinna við varnargarð á Ísafirði.

Snjóflóðavarnir á Ísafirði, Gleiðarhjalla

Undirbúningi vegna framkvæmda við ofanflóðavarnir undir Gleiðarhjalla á Ísafirði er að mestu lokið. Var frumathugun, deiliskipulag og mat á umhverfisáhrifum á lokastigi í árslok og stefnt að því að fá tilboð í verkhönnun þessara snjóflóðavarna sem einnig er ætlað að verja gegn aurflóðum og grjóthruni.

Verkkaupi er Ísafjarðarbær og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Frumathugun vann Verkís ehf., landslagshönnun vann Teiknistofan Eik ehf. og mat á umhverfisáhrifum vann Náttúrustofa Vestfjarða.

Snjóflóðavarnir á Patreksfirði

Unnið hefur verið að undirbúningi snjóflóðavarna á Patreksfirði og beinast frumathugunanir að meira en einu verkefni.

Við Snjóflóðavarnir á Patreksfirði, var unnið við þvergarð sem er um 250 metra langur og um 10 - 12 metra hár, staðsettur ofan við grunnskólann og sjúkrahúsið.

Í undirbúningi

Eftirfarandi verkefni snjóflóðavarna voru einnig í undirbúningi:

- Snjóflóðavarnir Siglufirði, stoðvirki 2. áfangi
- Snjóflóðavarnir á Patreksfirði
- Snjóflóðavarnir Bíldudal, í Milligili
- Snjóflóðavarnir á Fáskrúðsfirði

Snæfellsstofa í Vatnajökulsþjóðgarði

Snæfellsstofa, gestastofa sem er við Vatnajökulsþjóðgarð austanverðan, var tekin í notkun á fyrra ári en á árinu 2011 var unnið að ýmsum frágangi í húsinu og lokið var við lóðarfrágang.



Snæfellsstofa, gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs.

Verkkaupi var Vatnajökulsþjóðgarður fyrir umhverfisráðuneytið, umsjón hafði FSR. Arkitekt er Arkís ehf., Efla ehf. annaðist burðarþol, lagnir og vistvæna hönnun, Verkís ehf. hannaði raflagnir og Landmótun ehf. lóðarfrágang. Verktaki var Véla- verkstæði Hjalta Einarssonar ehf.



Snæfellsstofa, gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs.

Snæfellsstofa á Skriðuklaustri er fyrsta byggingin á Íslandi sem er hönnuð og byggð samkvæmt BREEAM vottunarkerfinu fyrir vistvænar byggingar. Um er að ræða áhugaverðan áfanga á þessari braut.

Skilamöt

Útgefin skilagrein á árinu 2011 vegna umhverfisráðuneytisins var eftirfarandi:

- Náttúrufræðistofnun Íslands, leigu-húsnæði, skilagrein útgefin í nóvember 2011.

Utanríkisráðuneytið

Skilamat

Útgefið skilamat á árinu 2011 vegna utanríkisráðuneytis var eftirfarandi:

- Flugmálastjórnin Keflavíkurflugvelli, eldsneytislögn, skilamat útgefið í apríl 2011.

Velferðarráðuneytið

Helstu verkefni fyrir velferðarráðuneytið og stofnanir þess á árinu 2011 var umsjón framkvæmda við hjúkrunarheimili og fleira, ráðgjöf við Nýjan Landspítala og tilsjón með hjúkrunarheimilum í leiguleið.

Hjúkrunarheimilið Jaðar, Ólafsvík

Lokið var að fullu við framkvæmdum við Hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík, Snæfellsbæ, sem reyndar lauk að utan og að mestu að innan á fyrra ári. Lóðarfrágangi hafði verið frestað og var lokið við hann.



Hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík.

Hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð

Fyrir velferðarráðuneytið og Fjarðarbyggð hafði FSR umsjón með verkefninu Hjúkrunarheimilinu í Fjarðarbyggð, að Dalbraut 1, Eskifirði. Frumhönnun lauk í febrúar, aðaluppdrættir lágu fyrir í maí en voru samþykktir í september, fullnaðarhönnun var lokið í ágúst. Arkitektar eru Studio Strik Arkitektar ehf., lóðarhönnun vann Teiknistofan Storð ehf., verkfræðihönnun annaðist VSÓ Ráðgjöf ehf.

Hönnunin er grundvölluð á stefnu stjórnvalda um nútímalegt skipulag hjúkrunarheimila samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins, einnig eru kröfur um vistvæna vottun samkvæmt BREEAM (alþjóðlegu vottunarkerfi) og að vinna hönnunina með aðferðafræði BIM mannvirkjalíkans.

Byggingin er um 1.500 m² og þar verða 20 hjúkrunarrými sem skiptast niður á 3 heimili sem hvert hefur einkarými og sameiginleg rými með eldunaraðstöðu, borðstofu og setustofu.

Útboð framkvæmda var auglýst í október og í desember var tekið tilboði Viðhaldsmeistarans ehf. sem hefur hafið framkvæmdir.



Þrívíddarteikning, Studio Strik ehf.

Landspítali Grensásdeild, bílskýli og lóðarlögun


FSR annaðist fyrir Landspítala, umsjón með framkvæmdum við bílskýli með glerþaki og lóðarfrágangi framan við aðalinngang Grensásdeildar Landspítala að Grensásvegi 62. Verkið var boðið út í ágúst 2011.

Landspítali - háskólasjúkrahús

Unnið hefur verið áfram að undirbúningi Landspítala - háskólasjúkrahúss á grundvelli samnings Nýs Landspítala ohf. (NLSH) við hönnunarhópinn SPITAL um útfærslu vinningstillögu þeirra, sem nær til deiliskipulags Landspítalalóðarinnar, umhverfismats og frumhönnun nýbygginga. Þar er um að ræða meðferðarkjarna (þ.e. bráðamóttöku, myndgreiningu, skurðstofur og gjörgæslu), legudeildir, rannsóknarstofuhús, sjúkrahótel, byggingu Háskóla Íslands og bílastæðahús.

Unnið hefur verið að tillögu að nýju deiliskipulagi Landspítalans, einnig breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur og að umhverfismati. Lögð er áhersla á samráð við hagsmunaaðila og kynningar fara fram á umhverfismati og deiliskipulagstillögunni. Samhliða skipulagsvinnunni fer fram forhönnun bygginganna til útboðs á grundvelli samnings sem gerður var við SPITAL hópinn en miðað er við að eftir að framkvæmdum lýkur taki ríkið byggingarnar á langtímaleigu.

Leitast er við að vanda til hönnunarinnar, meðal annars er viðhöfð krafa um umhverfivottun mannvirkja, notkun BIM upplýsingalíkans mannvirkja, gæðastjórnunarkerfis og fleira.



Líkan af skipulagi á Landspítalalóð.

Leiguverkefni

Leiguverkefni/ húsnæðisöflun, sem FSR kom að á árinu 2011 vegna stofnana velferðarráðuneytisins, voru eftirfarandi.

Vinumálastofnun, leiguhúsnæði

Unnið var áfram að ráðgjöf við öflun húsnæðis fyrir Vinnumálastofnun sem hófst í nóvember 2010 og stefnt að því að húsnæði myndi rúma starfsemina í Reykjavík en einnig eru stöðvar í kringum landið. Stofnunin fer meðal annars með yfirstjórn vinnumiðlunar, þjónustu við atvinnuleitendur og afgreiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Að lokinni gerð húslýsingar var auglýst eftir húsnæði í janúar 2011. Samið var við Reiti VI ehf. um leigu á hluta af húsnæðinu í Kringlunni 1 í Reykjavík, það er 1. hæð hússins ásamt tengibyggingu og hluta af 2. hæð.

FSR annaðist umsjón með gerð leigusamningsins sem er, eins og gert er ráð fyrir við öflun leiguhúsnæðis ríkisstofnana, staðfestur af viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Leigusali annaðist breytingar sem gera þurfti og tók Vinnumálastofnun við húsnæðinu að fullu í apríl 2011.



Móttaka Vinnumálastofnunar.

Tilsjón með hjúkrunarheimilum

Uppbyggingu hjúkrunarheimila á vegum velferðarráðuneytisins og sveitarfélaganna samkvæmt svokallaðri „leiguleið“ var haldið áfram. Sveitarfélögin annast allan undirbúning í samráði við FSR og ráðuneytið og FSR hefur tilsjón með framkvæmdum.

Á árinu 2011 lauk hönnun og framkvæmdir hófust við hjúkrunarheimili DAB í Borgarnesi, hjúkrunarheimili Holtsbúðar að Sjálandi í Garðabæ, hjúkrunarheimili Eir í Mosfellsbæ og hjúkrunarheimili Hlíð við Vestursíðu á Akureyri. Í undirbúningi eru hjúkrunarheimili Nesvalla í Reykjanesbæ, hjúkrunarheimili á Egilsstöðum og hjúkrunarheimili á Ísafirði. Tilsjón FSR felst í því að fylgjast með framgangi framkvæmda og gera verklokaúttektir og halda ráðuneytinu upplýstu um gang mála.



Í húsnæði Embætti landlæknis.

Embætti landlæknis

Unnið var áfram að húsnæðismálum fyrir Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð. Gerð hafði verið húslýsing, auglýst eftir húsnæði og unnið að gerð samnings um leigu húsnæðis.

Í maí 2011 varð til ný stofnun, Embætti landlæknis, og var gerður samningur milli hennar og Álftavatns ehf. um leigu á hluta af Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg 47, Reykjavík, alls um 1.800 fermetrar. Húsið er friðað og voru ekki leyfðar miklar breytingar þó þurfti að bæta öryggismál húsnæðisins og gera nauðsynlegar breytingar vegna starfseminnar. Embætti landlæknis tók við húsnæðinu í júní 2011.

Skilamöt

Útgefin skilamöt og skilagreinar á árinu 2011 vegna velferðarráðuneytisins og stofnana þess voru eftirfarandi:

- Sambýlishús Geislatúni 1, Akureyri, skilamat útgefið í janúar 2011.
- Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans, göngudeild, skilamat útgefið í febrúar 2011.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Dálma, skurðstofur, skilamat útgefið í október 2011.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, endurnýjun neysluvatnslagna, skilagrein útgefin í febrúar 2011.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Víðihlíð öldrunardeild, þakviðgerðir, skilagrein útgefin í febrúar 2011.
- Lyfjastofnun, leiguhúsnæði, skilagrein útgefið í febrúar 2011.
- Fjölsmiðjan, leiguhúsnæði, skilagrein útgefin í apríl 2011.
- Hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands, leiguhúsnæði, skilagrein útgefin í apríl 2011.
- Vinnu- og hæfingarstöð fyrir fatlaða, Þorlákshöfn, leiguhúsnæði, skilagrein útgefin í apríl 2011.
- Umboðsmaður skuldara, leiguhúsnæði, skilagrein útgefin í apríl 2011.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, utanhússviðgerðir, skilamat útgefið í maí 2011.
- Vinnumálastofnun, leiguhúsnæði, skilagrein útgefin í maí 2011.
- Sambýlishús Bláargerði 9-11, Egilsstöðum, skilamat útgefið í ágúst 2011.
- Sambýlishús Bleikargróf 4, Reykjavík, skilamat útgefið í ágúst 2011.

Alþingi

Helstu verkefni fyrir Alþingi á árinu 2011 tengjast eins og áður undirbúningi uppbyggingar á Alþingisreit, verkefni sem voru áður hafin.

Alþingi, framkvæmdir 2008-2012

Fyrirhuguð uppbygging með nýbyggingum á Alþingisreit hefur frestast. Flutningur Skúlahúss og fornleifagröftur eru minniháttar framkvæmdir en búa að sínu leyti í haginn ef til ákvarðana kæmi um byggingarframkvæmdir á Alþingisreitnum.

Flutningur Skúlahúss, kjallari og tengibygging

Í lok ársins 2010 var Skúlahús, hús Alþingis við Vonarstræti 12, flutt á lóðina Kirkjustræti 4 og sett á kjallara sem byggður hafði verið fyrir flutninginn. Á árinu 2011 var unnið áfram að verkinu og því lokið.



Skúlahús.

Í undirbúningi

- Fornleifarannsóknir á Alþingisreit, 2. áfangi.

Formlegt samstarf

Framkvæmdasýslan tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök svo og við erlendar stofnanir.

Innlent samstarf

Þátttaka í samstarfi innanlands er talsverð þar sem FSR er í samráði við ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmis hagsmunasamtök sem starfa á skyldum vettvangi. Er stofnunin aðili að samtökum svo sem BIM Ísland og Vistbyggðarráði.

BIM Ísland

Innleiðing BIM (Building Information Modeling) á Íslandi er meginverkefni samtakanna og á árinu 2011 miðaði því vel. Til að vinna að því höfðu samtökin verkefnisstjóra árin 2009-2011, Harald Ingvarsson, og skilaði hann greinargerð um verkefni BIM Íslands sem nær yfir það tímabil.


Haldnir voru opnir vinnudagar BIM Íslands, Innsýn í aðferðafræði framtíðarinnar, að Laugavegi 105 dagana 27. og 28. janúar 2011 þar sem var opið hús. Kynnt var vinna við BIM líkön með notkun forritanna ArchiCAD, Bentley, MagiCAD, Revit, Solibri, Tekla og VectorWorks. Farið var yfir hvernig BIM líkanið verður til, flutning upplýsinga milli forrita með IFC samskipta-staðli, vinnslu árekstragreininga og gæðaeftirlit líkans.



Kynningarspjald BIM vinnudaga.

Eitt af markmiðum BIM Ísland verkefnisins hefur verið að setja fram kröfur um skilalýsingar fyrir BIM líkön til að samræma vinnubrögð og skilakröfur á markaðnum. Að undirbúningi þess vann fjölmennur vinnuhópur hönnuða og framkvæmda-aðila.

Skilalýsingar frá Finnlandi, Noregi, Danmörku, Þýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum voru yfirfarnar og var niðurstaðan að leggja til grundvallar finnsku skilalýsinguna frá Senaatti Properties. Lagði vinnuhópurinn mat á breytingar og aðlaganir að íslenskum aðstæðum sem gera þyrfti. Skilalýsingin, sem er á ensku en með íslenskum inngangi, var birt á vef BIM Íslands í júlí 2011.



Flæðirit skilalýsingar með stigum verkefnis.

Á vef BIM Íslands var, í september 2011, birt ritið Notendahandbók. Gagnaskipti BIM/ IFC, sem er íslensk þýðing af riti sem er útgefið af IAI (Industrieallianz für Interoperabilität) og er ætluð hönnunarahópum til að efla upplýsingaflæði, tæknileg samskipti og samhfæingu.

FSR hefur veitt BIM verkefninu mikilvægan stuðning með samstarfi við aðila í verkefnum á vegum FSR þar sem BIM hefur verið notað, einkum í eftirfarandi verkefnum:

- Hús íslenskra fræða
- Framhaldsskólans í Mosfellsbæ
- Hjúkrunarheimilið í Fjarðabyggð
- Nýtt Háskólasjúkrahús

Í stjórn BIM Íslands er meðal annarra Óskar Valdimarsson forstjóri FSR. Tengiliður hjá FSR vegna BIM er Þórir Jónsson.

Steinsteypufélag Íslands

Samstarf hefur verið við Steinsteypufélag Íslands og oft sækja aðilar frá FSR kynningarfundi þess. Steinsteypudagurinn 2011 var haldinn á Grand hótél 18. febrúar 2011. Þessi árlegi meginatburður félagsins var með fjölda áhugaverðra fyrirlestra. Fyrir hádegi var fjallað um rannsóknir og þróun, steypuskemmdir og viðhald, eftir hádegi um gæðamál í byggingariðnaði. Einnig var þemað hönnun og framkvæmdir, þar sem starfsmenn Ístaks kynntu nýbyggingu í Garðabæ sem hýsir Náttúrufræðastofnun Íslands, Birgir Teitsson lýsti hönnun Snæfellsstofu á Skriðuklaustri (verkefni í umsjón FSR) og Sigríður Sigþórsdóttir kynnti Sundlaugina á Hofsósi. Síðasti dagskrárliður voru Steinsteypuverðlaunin 2011 þar sem fyrrnefnd verkefni fengu tilnefningu en verðlaunin hlutu Basalt arkitektar fyrir sundlaugina á Hofsósi. Tengiliður FSR við félagið er Magnús K. Sigurjónsson.

Menningarstefna í mannvirkjagerð

Vorið 2011 skipaði mennta- og menningararmálaráðherra nýjan starfshóp um menningarstefnu í mannvirkjagerð til áframhaldandi eftirfylgni með stefnunni og eins og áður átti FSR þar fulltrúa. Í starfshópnum eru Guðný Helgadóttir, formaður, Dennis Davíð Jóhannesson, Hafsteinn Pálsson, Hafsteinn S. Hafsteinsson, Halldóra Vífilisdóttir (FSR), Kristín Ólafsdóttir og Þorsteinn R. Hermannsson.

Til að kanna áhrif fyrri vinnu stefndi nýi starfshópurinn að því að kanna hvort breytingar hefðu orðið á verklagi hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu varðandi undirbúning vegna opinberra mannvirkja svo sem varðandi samfellu í verkefnisstjórn, samstarfi milli hönnuða, eftirfylgni um listskreytingu og gerð mannvirkjaáætlana.

Starfshópurinn fór yfir stöðuna á hinum ýmsu verkefnum sem koma fram í tillögum frá fyrri starfshóp. Eins og í Menningarstefnu í mannvirkjagerð er efnið undir köflunum gæði, arfur, þekking og hagur og eru nokkur markmið í hverjum kafla. Í tillögum um útfærslu er að auki við hvert markmið tilgreint verkefni, aðilar og aðgerðir.

Í nóvember 2011 lá fyrir uppfærsla á tillögnum (verkefnayfirlitinu) þar sem bætt hafði verið við stöðu aðgerða og tillögur um aðgerðir. Er meðal annars stefnt að því að senda bréf og halda fundi með ýmsum aðilum vegna þátta sem standa út af og þrýsta með því á að þeim verði gerð skil.

Tengiliður FSR vegna menningarstefnu í mannvirkjagerð er Halldóra Vífilisdóttir.

Vistbyggðarráð

FSR er aðili að Vistbyggðarráði sem vettvangur á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja. Sigríður Björk Jónsdóttir er framkvæmdastýra hjá samtökunum og var starfsemin lífleg eins og sjá má á vefnum www.vbr.is. Nýir vinnuhópar á vefum Vistbyggðarráðs sem voru stofnaðir voru m.a. um vistvænt skipulag, vistvæn byggingarefni og orkunýtni vistvænna bygginga.

Vistvænni byggð, ráðstefna um heilbrigðara umhverfi, betri líðan og bjartari framtíð, var heilsdagsráðstefna sem haldin var á vegum Vistbyggðarráðs og Vistmenntar í Norræna húsinu, fimmtudaginn 12. maí 2011. Fyrri hluti ráðstefnunnar fór fram á ensku þar sem erlendur fjallað var um fjölmörg málefni og sjónarmið sem tengjast vistvænum áherslum ráðgjafa og vistbyggðarráða. Einnig var kynnt íslensk reynsla í þessum efnunum. Eins og áður beindist áhugi að því hvaða vottunarkerfi ætti að innleiða á Íslandi og að starfi vinnuhópanna.

Haldnir voru tveir fundir á vegum Vistbyggðarráðs fyrri hluta morguns, annars vegar Hvað er vistvænt á Íslandi?, fundur sem haldinn var á KEX hostel, Skúlagötu 28, þann 28. október 2011. Á fundinum flutti m.a. Óskar Valdimarsson forstjóri FSR erindið Evrópsk umhverfisskilyrði fyrir byggingar. Íslensk þýðing til notkunar við útboð vegna bygginga og verklegra framkvæmda.

Hinn morgunfundurinn var Orkunýtnar byggingar í vistvænu skipulagi, sem haldinn var í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 18. nóvember 2011. Þar flutti starfsmaður FSR, Bergljót S. Einarsdóttir, erindið Vinnuhópur um vistvænt skipulag en hún tók þátt í þeirri hópvinnu samtakanna.



Verkefnastjórnunarfélag Íslands / IPMA

Samstarf hefur verið við Verkefnastjórnunarfélags Íslands (VFÍ). Þórir Jónsson hjá FSR var í stjórn félagsins 2010 – 2011 og er áfram tengiliður FSR við félagið.

Ýmsar atburðir voru haldnar á árinu á vegum félagsins svo sem fyrirlesturinn Verkefnastjórnun í breytingaferli fyrirtækja á vegum VFÍ og Dokkunnar, í Orkuveitu Reykjavíkur 14. apríl 2011. Einnig voru atburðir í tengslum við félagið innanlands og erlendis hjá IPMA og NORDNET, alþjóðlegum samtökum sem félagið starfar með.

Byggingarstaðlaráð

FSR tekur þátt í samstarfi um byggingarstaðla. Í upphafi árs voru komnir í gildi viðaukar við þolhönnarstaðla og í janúar ÍST 45:2011 staðall um hjóðvist í íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mikilvægur Einn staðall varðandi opinberar framkvæmdir er ÍST 30 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir. Óskar Valdimarsson forstjóri FSR, var í vinnuhóp sem skipaður var árið 2008 af Byggingarstaðlaráði og vann að endurskoðun staðalsins og er sú vinna langt komin.

Þróunarvettvangur á sviði mannvirkjagerðar

Þróunarvettvangur á sviði mannvirkjagerðar (Iceland Construction Technology Platform, ICTP) var stofnaður árið 2007. Formaður er Björn Karlsson forstjóri Mannvirkjastofnunar og einnig er í stjórn Óskar Valdimarsson forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins.

Erlent samstarf

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar/ Nordisk Kontakt om Statsbygninger (NKS) er samstarfsvettvangur FSR við systurstofnanirnar á Norðurlöndum. Af málefnum sem rædd eru má nefna skipulag, skráningu og rekstur eigna ríkisins, samvinnu milli ríkis og einkaaðila, val á ráðgjöfum, samskipti við fjölmiðla, nýtingu á upplýsingatækni og sérstök byggingartæknileg viðfangsefni.

Ársfundur NKS var haldinn 3. - 6. september 2011 í Mustion Linna í Finnlandi. Senaatti, systurstofnun FSR í Finnlandi (Senate Properties) bauð á atburð á 200 ára afmæli sínu í nýrri Tónlistarmiðstöð Helsinki (Helsinki Music Center) og var byggingin skoðuð. Ársfundur NKS samstarfsins hófst síðan 4. september og stóð fram á hádegi 6. september 2011. Á dagskrá var meðal annars kynning Finna á aðferðafræði til að ná árangri og sigra ("must win battles"), kynnt þátttaka og innleiðing vistvænna viðhorfa og fjallað var um það nýjasta í BIM innleiðingunni. Þátttakendur frá FSR á fundinum voru Bergljót S. Einarsdóttir, Halldóra Vífilsdóttir, Helga Liv Óttarsdóttir, Óskar Valdimarsson og Örn Baldursson.

Norrænt samstarf um byggingar utanríkisþjónustu

FSR er, ásamt utanríkisráðuneytinu, aðili að NKU (Nordisk Kontakt om Utrikesbyggeri) sem er vettvangur til að miðla reynslu og finna fleti á samstarfi milli Norðurlandanna um húsnæðismál og opinberar framkvæmdir á vegum utanríkisráðuneytanna á erlendri grundu. Árlega eru haldnir fundir í NKU-samstarfinu. Skiptast löndin fimm á að halda fundinn. Fundur NKU var haldinn í Reykjavík 15. - 16. september 2011. Tengiliður FSR í þessu samstarfi er Bergljót S. Einarsdóttir.



Norrænn byggingardagur í Helsinki.

Norrænn byggingardagur

Meginverkefni NBD er að halda Norræna byggingardaginn (Nordisk Byggedag/ Nordic Building Forum) sem jafnan er haldinn annað hvert ár og var að þessu sinni í Finnlandi. Það var ráðstefnan Nordic Building Forum 2011 sem haldin í Helsinki dagana 1. - 3. september 2011. Meginþemað var Markviss orka í samfélaginu / The Energy Efficient Community. Þryðileg aðstaða var fyrir ráðstefnuna í kammer-tónleikasal tónlistarstöðvarinnar í Helsinki (Helsinki Music Centre) sem var vígð nokkrum dögum fyrir ráðstefnuna. Ráðstefnan var vel heppnuð og fyrirlestrarnir voru áhugaverðir. Leiðsögn var um bygginguna og einnig farið í rútuferð og skoðuð íbúðarhverfi og hafnarhverfi austur af Helsinki. Kvöldsamkvæmið var notalegt og morguninn eftir var farið í áhugaverða bátsferð þar til að fræðast um nýja byggð við ströndina, meðal annars bryggjuhverfið þar sem gamla höfnin var.



Í tónleikahúsinu í Helsinki.

Tengiliður FSR við NBD er Magnús K. Sigurjónsson og er hann ritari í stjórn NBD á Íslandi. Auk hans voru þátttakendur frá FSR í Norræna byggingardeginum í Helsinki Bergljót S. Einarsdóttir og Halldóra Vífilsdóttir.

Samstarf við bips

Bips (byggeri, informationsteknologi, produktivitet og samarbejde) er samstarfs-vettvangur um byggingariðnað, upplýsingatækni, framleiðni og samstarf á byggingarsviði, sem FSR tekur þátt í. Bips leggur til skilmála og fleira sem veitir meðal annars stuðning við innleiðingu BIM og hefur FSR fengið afnot af því í slíkum stöðlum.

Ráðstefna bips sem bar heitið "Fra ambition til virkelighed", var haldin í Nyborg Strand í Danmörku 26. – 27. september 2011 og var áherslan á hagnýtar upplýsingar fyrir byggingariðnaðinn um raunhæf skref í bips málefnum, bæði um tæki og tól, svo sem um samskipti með IFC og hvernig stofur innleiða bips, til dæmis við hönnun á tónleiksal í Álaborg. Þátttakendur frá FSR á ráðstefnunni voru Sigríður Oddný Marínósdóttir, Sigurður Norðdahl og Þórir Jónsson.

BuildingSMART International samtökin miðla einnig eins og áður fróðlegum upplýsingum sem nýtast við BIM innleiðinguna.



Bips ráðstefna í Danmörku.

TWN - Vinnustöðvasamtökin

FSR er aðili að TWN (The Workplace Network) sem eru samtök systurstofnana FSR/FR í um 15 löndum þar sem viðfangsefnið er að skiptast á skoðunum um fasteignamál hjá hinu opinbera og allt sem snýr að vinnustöðvum. Ráðstefna TWN var haldin í Washington DC 18. - 19. september 2011 og það var byggingarvið systurstofnunar FSR í Bandaríkjunum, US General Services Administration's Public Buildings Service, sem hélt ráðstefnuna fyrir TWN. Þátttakandi frá FSR var Óskar Valdimarsson, forstjóri.

GSA (US General Services Administration) Public Building Services

Þátttaka Íslands í samstarfi við systurstofnun FSR í Bandaríkjunum, GSA Public Building Services hefur verið nokkur, þó svo að hún hafi ekki verið mjög formleg. Óskar Valdimarsson, forstjóri FSR, var í Bandaríkjunum í námsdvöl hjá þessari stofnun í mars - júní 2011 og kynnti sér margt í starfsemi þeirra. Í september 2011 var tekinn í notkun nýr vefur GSA, Open Policy Resource Centre. Fyrsta greinin sem þar var birt var grein frá FSR, Good Times for Good Ideas – Icelandic Construction Sector Catching up on Sustainability. Á vefnum eru margar áhugaverðar greinar um þá fjölmörgu þætti sem koma við sögu í starfseminni.

Ráðstefnur og fundir

Auk þátttöku í ráðstefnum og fundum sem lýst er í fyrri köflum voru meðal annars eftirfarandi ráðstefnur sóttar af starfsmönnum FSR.

Reynsla verkefnastjóra í einu stærsta verkefni Íslandssögunnar, Hörpunni tónlistar- og ráðstefnuhúsi, var kynnt af Sigurði Ragnarssyni í fyrirlestraröð Verkefnastjórnunarfélagsins og Dokkunnar, 3. mars 2011. Allnokkrir starfsmenn FSR sóttu kynninguna.

Alþjóðlega lagnasýningin ISH (International Sanitär und Heizungs Messe) var haldin í Frankfurt am Main í Þýskalandi dagana 15. - 19. mars 2011 á Messegelände Frankfurt. Frá FSR sóttu sýninguna Guðbjartur Á. Ólafsson, Guðmundur Pálsson og Jón H. Ásbjörnsson.

Málþingið Uppbygging og skipulag ferðamannastaða var haldið á vegum Ferðamálastofu 14. apríl 2011 á Grandhótel. Á málþinginu flutti Halldóra Vífilsdóttir, arkitekt hjá FSR, erindið Menningarstefna í mannvirkjagerð og mikilvægi góðs undirbúnings.

Útboðsþing 2011, árlegt útboðsþing verk-taka um verklegar framkvæmdir, var haldið 18. mars 2011 á Grand Hótel Reykjavík. Á útboðsþinginu flutti Dagbjartur Guðmundsson, staðgengill forstjóra FSR, erindið Verkframkvæmdir 2011.



Kynningarfundur um drög að nýrri byggingarreglugerð var haldinn 26. maí 2011 á Grand Hótel í Reykjavík. Margir starfsmenn FSR mættu á kynninguna.

Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands stóðu fyrir rýniferð 22. – 28. ágúst 2011 til Varsjá og Kraká í Póllandi. Þátttakandi meðal starfsmanna FSR var Guðbjartur Á. Ólafsson.

Ráðstefnan World Sustainable Building Conference var haldin 18. - 21. október 2011 í Helsinki, Finnlandi. Frá FSR sóttu ráðstefnuna Halldóra Vífilsdóttir og Lena Kadmark.

Hádegisfundurinn Skipulag á Höfuðborgarsvæðinu - Magn eða gæði var haldinn í Þjóðarbókhliðunni 8. nóvember 2011. Fundinn sat Óskar Valdimarsson.

Ný norræn byggingarlist er fyrirlestraröð á vegum Norræna hússins í Reykjavík veturinn 2011 - 2012. Atburður í röðinni var erindi Sigurðar Einarssonar arkitekts, 17. nóvember 2011 í aðalsal Norræna hússins.

Innkaupadagur Ríkiskaupa var haldinn 29. nóvember 2011 í Kaldalóni í Hörpunni. Atburðinn sótti Óskar Valdimarsson fyrir hönd FSR.

Rekstur og starfsfólk

Rekstrarafkoma

Niðurstaða rekstrar fyrir árið 2011 var halli sem nam rúmlega 29 milljónum króna.

Mestu munar þar um tekjuhliðina, en tekjur voru mun lægri en vænst hafði verið. Útgjöld voru hins vegar innan skekkjumarkna miðað við áætlanir. Ríkisframlag var lagt af á árinu 2010 og naut því FSR engra framlaga á fjárlögum.


Leiðrétting á vinnutíma í stimpilklukku og uppgjör yfirvinnu í tengslum við það olli því að þessi liður hækkaði einnig töluvert. Þá varð nærri milljónar króna hækkun á fundakostnaði. Önnur sérfræðipjónusta lækkar þó verulega milli ára, eða um nærri 10 milljónir króna. Eignakaup FSR hækkuðu um eina milljón króna á árinu 2011 en

þeim hafði verið haldi verulega niðri á undangengnum árum.

Í árslok 2011 nam eigið fé Framkvæmdasýslunnar því aðeins um 8,2 milljónum króna.

Verkbókhald FSR

Stærstur hluti þeirra verka sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með er í bókhalds- og greiðslupjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til að stuðla að aukinni hagkvæmni í opinberum framkvæmdum. Með því verkefnum gert kleift að hafa ávallt nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu verka. Það auðveldar þeim kostnaðargát á verkum.



Velta verkboðhalds árin 2000 - 2011 í milljónum króna.

Starfsmannamál

Í árslok 2011 voru starfsmenn Framkvæmdasýslu ríkisins 23 talsins, í 22 stöðugildum. Eðli starfsemi stofnunarinnar gerir það að verkum að menntunartig starfsmanna er nokkuð hátt, en aðeins um fjórðungur þeirra hefur ekki lokið háskólaþrófi. Jafnréttissjónarmið eru jafnan í hávegum höfð og var fjöldi kvenna og karla nánast jafn, en hlutur kvenna þó rýrari við skoðun stöðugilda eða rúm 40%.

Ávallt er rík áhersla lögð á símenntun og eru framlög til hennar almennt vel nýtt.

Í starfsmannamálum urðu afar litlar breytingar. Jón Heiðar Gestsson hætti störfum hjá stofnuninni í ágúst og Ívar Már Markússon hóf störf í febrúar. Gunnar eignaðist son í apríl og var í fæðingarorlofi í 5 mánuði.



Frá heimsókn til NKS í Helsinki.

Starfsmannafélagið Auðvitað starfaði sem áður af fullum krafti á árinu. Aðalfundur félagsins var haldinn mánudaginn 31. janúar 2011. Í mars var keilufærð í Keiluhöllina í Öskjuhlíð. Mikil þátttaka var í leiknum og hart barist. Á eftir var boðið upp á pizzu og gos.



Auðvitað í keilu.

Félagið bauð til golfkennslu, fimmtudagana 8. og 15. september, hjá Golfklúbbnum um Keili sem er með aðstöðu á Hvalseyrarholti í Hafnarfirði. Farið var í hella-skoðun í Leiðarenda um miðjan október.



Frá hellaskoðunarferð.

Þar var starfsmönnum ásamt vinum og venslamönnum boðið í skoðunarferð um hella sem eru í Leiðarenda við Hafnarfjörð. Mikil þátttaka var í einstaklega vel heppnaðri ferð.

Nokkrar skoðunarferðir voru farnar á árinu. Í maí var farið með leiðsögn um Varnarsvæðið á Keflavíkurflugvelli og í lok maí skoðunarferð um tónlistarhúsið Hörpu, undir leiðsögn Jóhannesar Benediktssonar tækni-fræðings, eftirlitsaðila byggingarframkvæmda fyrir hönd Eflu verkfræðistofu. Skoðuð voru öll rými hússins, bæði þau sem ætluð eru fyrir gesti og einnig þau sem aðeins eru ætluð fyrir starfsfólk. Í byrjun nóvember var farið í skoðunarferð í Miðbæjarskólann sem Kvinnaskólinn hefur fengið til afnota.



Hattapema á árhátíðinni.

Árshátíð Auðvitað 2011 var svo haldin í lðnó, laugardaginn 19. nóvember. Litlu jólin voru haldin 15. desember og var þá uppljóstrað um leynivini undangenginnar leynivínnaviku.

Reykjavík í desember 2012.



Óskar Valdimarsson, forstjóri

Starfsmenn FSR í árslok 2011

Anna Sigríður Guðnadóttir
Berglind Ýr Ólafsdóttir
Bergljót S. Einarsdóttir
Gísliína Guðmundsdóttir
Guðbjartur Á. Ólafsson
Guðbjörg Bjarnadóttir
Guðmundur Pálsson
Guðrún V. Árnadóttir
Gunnar Sigurðsson
Halldóra Vífilisdóttir
Helga Liv Óttarsdóttir
Ívar Már Markússon

Jón Halldór Ásbjörnsson
Lena Kadmark
Magnús K. Sigurjónsson
Óskar Valdimarsson
Róbert Jónsson
Sigríður Oddný Marinósdóttir
Sigurður Hlökkversson
Sigurður M. Norðdahl
S. Hafsteinn Steinarsson
Þórir Jónsson
Örn Baldursson

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

ÁRSREIKNINGUR
2011

fjs FJÁRSÝSLA
RÍKISINS



09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Ársreikningur 2011

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	<u>2011</u>	<u>2010</u>	<u>Fjárheimild</u>
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	204.099.282	247.224.575	153.700.000
Gjöld samtals.....	233.220.186	224.402.523	153.700.000
Framlag úr ríkissjóði.....	0	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	-29.120.904	22.822.052	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	707.693.370	1.280.665.520	
Skuldir samtals.....	699.472.222	1.243.323.468	
Höfuðstóll í árslok.....	8.221.148	37.342.052	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	-44.983.955	-174.794.312	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

12.12.2012



Forstöðumaður




Aðalbókari

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2011	Reikningur 2010	Fjárheimildir 2011
Tekjur			
Sértekjur.....	204.099.282	247.224.575	153.700.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
Tekjur samtals	204.099.282	247.224.575	153.700.000
Gjöld			
Almennur rekstur.....	233.220.186	224.402.523	153.700.000
101 Framkvæmdasýsla ríkisins.....	233.220.186	224.402.523	153.700.000
Gjöld samtals	233.220.186	224.402.523	153.700.000
Tekjur umfram gjöld	-29.120.904	22.822.052	0
Framlag úr ríkissjóði	0	0	0
Hagnaður/tap ársins	-29.120.904	22.822.052	0

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2011	Reikningur 31.12.2010
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir.....	0	0
Langtímakröfur.....	0	0
Fastafjármunir samtals.....	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir.....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.....	0	0
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímakröfur aðrar.....	270.649.790	929.597.719
Handbært fé.....	437.043.580	351.067.801
Veltufjármunir samtals.....	707.693.370	1.280.665.520
Eignir samtals.....	707.693.370	1.280.665.520
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun.....	37.342.052	30.292.749
Breyting v/lokafjárlaga.....	0	-15.772.749
Hagnaður/tap ársins.....	-29.120.904	22.822.052
Höfuðstóll í árslok.....	8.221.148	37.342.052
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	0	0
Annað eigið fé samtals.....	0	0
Eigið fé í árslok.....	8.221.148	37.342.052
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán.....	0	0
Langtímaskuldir samtals.....	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	44.983.955	174.794.312
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	654.488.267	1.068.529.156
Skammtímaskuldir samtals.....	699.472.222	1.243.323.468
Skuldir samtals.....	699.472.222	1.243.323.468
Skuldir og eigið fé samtals.....	707.693.370	1.280.665.520



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS